

## *Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum*

**Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 18. nóvember 2009, kl 12:05.**

Mættir: Magnús Sigurðsson, Þorsteinn Finnbogason, Gunnar Friðfinnsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

**Vegna þess hversu fáir mættu var fundargerð síðasta fundar ekki borin upp.**

1. **Skólastarfið frá síðasta fundi** hefur gengið sinn vanagang að mestu, en þó hefur flensa stungið sér niður og valdið nokkrum truflunum. Innritun fyrir næstu önn hófst 2. nóv. og nemendur sem eru í skólanum eiga að skila sínu vali fyrir 20. nóv. Vetrarfrí var 6. nóvember. Skólameistari, formaður skólanefndar og Eygló Harðardóttir þingmaður gengu á fund menntamálaráðherra 2. nóvember og gerðu grein fyrir þeim fjárhagsvanda sem að skólanum steðjar, ásamt því að ræða málefni 10. bekkinga. Ráðherra tók okkur vel, en það kemur seinna í ljós hvort þessi heimsókn hefur einhver áhrif á framtíðina. Skólinn sendi inn tvær umsóknir í sprotasjóð, sem tók við af þróunarsjóði framhaldsskólanna, umsóknarfrestur rann ú 6. nóv. Skólasamningsfundur með fulltrúum ráðuneytis var hér í Eyjum mánudaginn 16. nóv og var þar farið yfir drög að nýjum skólasamningi til 3 ára. Nýtt form og innihald skólasamninga á að bæta samskipti ráðuneytis og skólans og koma á makvissu samstarfi sem tekur til allra helstu þátta skólastarfsins. Nú er unnið að endurskoðun skólanámskrár og áherslum í skólastarfinu.
2. **Fjárhagur skólans** er ekki góður og stefnir allt í töluverðan halla á rekstri ársins 2009. Eins og áður hefur komið fram er ástæðan sú að viðmiðunartölur í fjárlögum, um nemendafjölda eru alltof lágar. Sama er að segja um fjárlagatillögur næsta árs. Ef ekki fást einhverjar uppbætur fyrir umframmendur á þessu ári og því næsta, hverfur inneign okkar hjá ríkinu eins og dögg fyrir sólu og líklega gott betur. Eins og er eru litlar líkur á uppbótum amk á þessu ári.  
Rekstraráætlun 2009 var uppá 181,6 milljónir, þar af 9 millj. í sértekjur.  
Launakostnaður stefnir í 166 millj, áætl var 146,2 (2008: áætl 142 m endaði í 165 m)  
Annar rekstrakostn stefnir í 33 millj, áætl var 35,4 (2008: áætl 37,8m endaði í 42 m)  
Endanlega rekstrarniðurstaðan ræðst af tekjuhliðinni, uppbótum og sértekjum.

Fundarmenn ræddu ofangreinda stöðu vítt og breitt og veltu því meðal annars fyrir sér hvað á að gera ef við stöndum frammi fyrir því að takmarka fjölda nemenda í skólanum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 13:05  
Ólafur H. Sigurjónsson